

Lífeyrissjóður bænda,  
kjörnefnd,  
Stórhöfða 23,  
110 REYKJAVÍK.

*Sent með tölvupósti.*

Reykjavík, 13. maí 2020.

### **Tilkynning um framboð**

Með bréfi þessu tilkynni ég, Elías Blöndal Guðjónsson, kt. 151183-8169, Gnoðarvogi 70 í Reykjavík, um framboð mitt til aðalstjórnar Lífeyrissjóðs bænda. Ég er lögráða, fjárhagslega sjálfstæður, hef gott orðspor og uppfylli að öllu öðru leyti hæfisskilyrði 31. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Ég uppfylli líka hæfisskilyrði II. kafla reglna nr. 180/2013, um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna lífeyrissjóða og hæfisskilyrði gr. 5.1. samþykktu Lífeyrissjóðs bænda. Ég hef kynnt mér framangreind hæfisskilyrði sérstaklega vegna framboðsins.

Með bréfi þessu lýsi ég því yfir að ég er reiðubúinn að gangast undir hæfismat Fjármálaeftirlitsins og veita nákvæmt yfirlit um fjárhagslega stöðu mína, þ.m.t. um hlutabréfaeign og eignarhluti í félögum.

Ég hef BA próf í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík frá 19. janúar 2008 og ML próf í lögfræði frá sama skóla frá 23. janúar 2010. Í dag starfa ég sem framkvæmdastjóri Landssambands veiðifélaga. Frá 2017-2020 starfaði ég sem framkvæmdastjóri fasteignafélagsins Bændahallarinnar ehf. Árin 2010-2017 starfaði ég sem yfirlögfræðingur Bændasamtaka Íslands. Árin 2014-2018 sat ég í stjórn Hótel Sögu ehf. Meðfylgjandi bréfi þessu er ferilskrá mín til frekari glöggvunar á menntun minni og starfsferli.

Í starfi mínu fyrir Bændasamtök Íslands öðlaðist ég mikla reynslu og þekkingu á fjárhag og fjármögnun búrekstrar. Starf mitt var hluti af félagssviði samtakanna sem annast hagsmunagæslu fyrir bændur með samskiptum við stjórnvöld og fjölmarga aðra aðila sem hafa áhrif á rekstrarskilyrði landbúnaðarins. Ég öðlaðist með því víðtæka þekkingu á starfsumhverfi bænda. Þegar ég tók til starfa árið 2010 tók ég þátt í umfangsmiklu verkefni samtakanna við fjárhagslega endurskipulagningu búrekstrar um allt land eftir bankahrunið. Þá hafði ég sem yfirlögfræðingur samtakanna yfirumsjón með fjárhagslegri endurskipulagningu dótturfélagsins Hótel Sögu ehf. í kjölfar bankahrunsins. Þá hafði ég jafnframt yfirumsjón með uppskiptingu þess félags í rekstrarfélagið Hótel Sögu ehf. og fasteignafélagið Bændahöllina ehf. Mér var svo falið að vera framkvæmdastjóri síðarnefnda félagsins en í starfi mínu þar öðlaðist ég mikla þekkingu á fjármögnun fasteigna og fyrirtækja sem og öllum öðrum rekstri þeirra, þ.m.t. starfsmannahaldi, samningagerð, bókhaldi, uppgjóri o.fl. Í núverandi starfi mínu sem framkvæmdastjóri Landssambands veiðifélaga bý ég að framangreindri þekkingu en hef einnig umtalsverða þekkingu á veiðileyfasölu en á árunum 2010-2017 rak ég eigið fyrirtæki í þeirri grein við góðan orðstír. Í dag rek ég samhliða aðalstarfi mínu rekstrar- og viðskiptaráðgjöf í einkahlutafélaginu ST ehf.

Ég hef starfað í þágu bænda í 10 ár, hef áhuga á að halda áfram að gæta hagsmuna þeirra og býð mig þess vegna fram til setu í aðalstjórn Lífeyrissjóðs bænda.

Virðingarfyllst,



Elías Blöndal Guðjónsson